



Greiðslufrestur aðflutningsgjalda við tollafgreiðslu

Skuldfærður tollur eða gjald á vöru, sem tollafgreidd er innan ákveðins uppgjörstímabils, kemur til innheimtu hjá tollstjóra á sama eindaganum. Innheimt með giróseðli nema áfengisgjald skráðra aðila.

1 - Almenn tollkrít – 2 mánaða uppgjörstímabil

TBR gjaldflokkur: **TA(B)** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi: **K, O** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S2**
(O kódi gildir um X* gjöld, almenna vörugjaldið, ef innflytjandi er EKKI skráður vörugjaldsaðili hjá RSK)

2 mánaða uppgjörstímabil.

Eindagi er 15. næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils

Gildir um öll aðflutningsgjöld nema þau sérstöku tilvik sem greint er frá hér að neðan.

2 - Skráðir vörugjaldsaðilar hjá RSK í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **VI(E)** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi: **Z** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S4**

Þá gildir eftirfarandi um almenna vörugjaldið (XA, XB, XC, XD og XE gjöld):

2 mánaða uppgjörstímabil

Eindagi er 28. annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

3 - Skráðir úrvinnslugjaldsaðilar hjá RSK í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **UI(A)** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi: **U** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S7**

Þá gildir eftirfarandi um úrvinnslugjöld (B* gjöld):

2 mánaða uppgjörstímabil

Eindagi er 28. annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

4 - Skráðir áfengisaðilar hjá RSK / Ríkislögreglustjóra í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **AI(A)** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi: **V** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S3**

Þá gildir eftirfarandi um áfengisgjöld (VX, VY og VZ gjöld) (Gildir einnig þegar skuldfært er á miðlara):

Uppgjörstímabil er 1. til 15. hvers mánaðar og 16. til loka mánaðar.

Eindagi er 2. virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

5 - Vörugjald af ökutækjum (þegar innflytjendur tollafgreiða) pappírstillskýrsla

TBR gjaldflokkur: **VF(A)** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi: **S** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S6** (ef miðlari)

Eftirfarandi gildir um M* vörugjöld af ökutækjum (Athuga þó að um miðlara í EDI gilda sérreglur):

Ef tollafgreitt er með pappírsskýrslu þá er eindagi við nýskráningu ökutækis (eða ekki síðar en eftir 1 ár frá tollafgreiðsludegi talið) (VFA í TBR)

Ef tollafgreitt er með EDI/VEF **gildir liður 6 hér að neðan**

6 – Vörugjald af ökutækjum SMT/EDI tollafgreiðsla – 1 mánaðar uppgjörstímabil

TBR gjaldflokkur: **VF(B)** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi: **T** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S1**

VFB gjaldflokkur gildir um vörugjald af ökutæki (M* gjöld) með fastnúmeri, sem skuldfært er í EDI/VEF-tollafgreiðslu.

1 mánaðar uppgjörstímabil.

Eindagi er 15. næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.